

Fundargerð stjórnarfundar BÍS

6. stjórnarfundur BÍS haldinn föstudaginn 22.mars frá 14:30-14:45 á Teams.

Mætt á fundinn: Guðrún, Harpa Ósk, Huldar og Þórhallur.

Fundarstjóri: Harpa Ósk Valgeirsdóttir

Fundarritari er Huldar Hlynsson

- Rekstrarstjóri ÚSÚ
 - Ákveðið að gera ráðningarferlið hefðbundið í stað þess að flýta því um of. Ragnar athugar með að færa sig yfir á ÚSÚ og Harpa þá í skátamiðstöðina á meðan ráðningarferlið er í gangi. Þannig fær Ragnar líka betri tilfinningu fyrir því hvernig starfsmann við viljum hafa á ÚSÚ.
- Lagabreyting vegna almannaheillafélagsumsóknar
 - Fengum póst vegna umsóknar um skráningu á almannaheillaskrá skattsins þ.s. fram kemur að taka þarf skýrar fram hvernig ráðstafa skal eignum BÍS við slit bandalagsins. Í dag þarf að gefa út hvaða lagabreytingar verða teknar fyrir á skátaþingi. Þórhallur setur saman lagabreytingatillögu um ráðstöfun eigna við slit BÍS.
- Önnur mál

Fundi slitið 14:45

Viðburðir og verkefni fram undan:

<i>Dags.</i>	<i>Viðfangsefni</i>
4.apríl	Samhringingur stjórnar og starfsfólks
5-7.apríl	Skátaþing á Sólheimum
apríl	Samfundur stjórnar og ráða
9-12.maí	Norðurlandþing í Færeyjum